

## Þróunarsjóður innflytjendamála

### Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Kjarnahópur til vellíðunnar og virkni

**Nafn styrkþega:** Reykjanesbær

**Útdráttur:** Kjarnahópur til vellíðunar og virkni var tilraunarverkefni hjá Reykjanesbæ árið 2021 í samstarfi við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Hjálpræðisherinn. Haldin voru þrjú 12 vikna námskeið fyrir íbúa sem höfðu verið utan vinnumarkaðar til lengri tíma og töluðu litla eða enga íslensku. Námskeiðin voru haldin í húsnaði Hjálpræðishersins, sem jafnframt sá um hádegismat fyrir þátttakendur. Með matráð í húsinu og samverustundum í hádeginu myndaðist notaleg stemning sem hafði jákvæð áhrif á félagslega virkni þátttakenda. MSS sá um kennslu og kennsluáætlun ásamt því að útbúa kennsluefni í samráði við þátttakendur. Félagsráðgjafi frá Reykjanesbæ hafði aðsetur í húsakynnum námskeiðsins og verkefnastýrði verkefninu þaðan. Þátttakendur höfðu greitt aðgengi að félagsráðgjafanum sem hafði þétt utanumhald með hverjum og einum þátttakanda, einstaklingasáætlanir með öllum og lagði fyrir matslista á virkni og líðan. Meginmarkmið námskeiðsins var að stuðla að vellíðan hópsins og auka samfélagslega virkni þeirra. Samtals voru 38 þátttakendur námskeiðunum. Fjórir færðu sig fljótt á námskeið á vegum Vinnumálastofnunar, 18 fengu starf á almennum vinnumarkaði og aðrir voru enn á fjárhagsaðstoð hjá Reykjanesbæ haustið eftir að námskeiðunum lauk og sóttu aðra félagslega virkni. Eftir að vörnámskeiðunum lauk voru tekin viðtöl við þátttakendur og rýnt í gagnsemi námskeiðanna. Þar kom fram að þátttakendur voru ánægðir með námskeiðin. Þeir upplifðu að tekið væri meira tillit til þarfa þeirra og væntinga en áður hafði verið gert. Þeim fannst jafnframt gott að hafa greitt aðgengi að félagsráðgjafa og töldu þau persónulegu tengsl sem mynduðust nýtast sér vel. Í framhaldi af námskeiðunum fengu allir þátttakendur ráðgjöf um atvinnumiðlun eða aðra félagslega virkni. Eftir reynsluverkefnið er meiri áhersla á lögð á virkni og líðan í almennri ráðgjöf en áður var gert hjá Reykjanesbæ. Samstarf við MSS hefur jafnframt styrkst og er nú lögð meiri áhersla á samstarf um hvern og einn þátttakanda á námskeiðum MSS, út frá þörfum og væntingum hvers þátttakanda.

**Name of the project:** Well-being and activity

**Name of grantee:** Reykjanesbær

**Project description:** Well-being and activity was a pilot project in Reykjanesbær in 2021 in collaboration with the Center for Life Education in Suðurnesjum (MSS) and the Salvation Army.

Three 12-week courses were held for residents who had been out of the labor market for a long time and spoke little or no Icelandic. The courses were held in the premises of the Salvation Army, which also provided lunch for the participants. An in-house cook and get-togethers at lunchtime made pleasant atmosphere that had positive influence on social activity of the participants. MSS took care of the teaching and lesson plan as well as preparing teaching materials in consultation with the participants. A social worker from Reykjanesbær was based in the same house as the courses and managed the project from there. The participants had easy access to the social worker who had a close follow-up with each participant, individual plans with everyone and provided an assessment list of activity and well-being. The main goal of the program was to promote the well-being of the group and increase their social activity. There was a total of 38 participants in the courses. Four quickly moved on to a course run by the Directorate of Labor, 18 got a job in the general labor market and others went on to other social activity program with MSS or the municipality. After the spring courses ended, interviews were conducted with the participants and the usefulness of the courses was scrutinized. It was stated that the participants were satisfied with the courses. They felt that their needs and expectations were considered more than before. They also thought it was good to have access to a social worker and considered the personal relationships that were formed to be useful. Following the courses, all participants received advice on job placement or other social activities. After the trial project, more emphasis is placed on activity and well-being in general counselling than was previously done at Reykjanesbær. Cooperation with MSS has also strengthened, and more emphasis is now placed on cooperation with each of the participants in MSS courses, based on the needs and expectations of each participant.